

GJALDSKRÁ fyrir hundahald í Blönduóssbæ.

1. gr.

Af hundum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald á Blönduósi, nr. 242/2004.

2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 2.625 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunda að upphæð kr. 8.400 miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar-mars 100%, apríl-júní 75%, júlí-september 50% og október-desember 25%. Leyfisgjaldið er ekki endurgreitt þrátta fyrir breytingar á hundahaldi innan ársins.

3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2. gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum.

Árleg hundahreinsun er á ábyrgð og framkvæmd hennar í höndum hundaeigenda og ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending hunds kr. 8.820

Önnur afhending hunds kr. 15.875

Priðja afhending hunds kr. 24.255

Við afhendingu hunds sem ekki er gilt leyfi fyrir kr. 19.075

Að auki skal umráðamaður hunds greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalda er 1. mars og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi. Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlegt gjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

Nr. 34

7. janúar 2013

7. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrár nr. 228/2012. Gjaldskráin var samþykkt í bæjarstjórn Blönduóssbæjar 11. desember 2012 og í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra 18. desember 2012.

Blönduósi, 7. janúar 2013.

Arnar Þór Sævarsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2013